

50 25. maí Ábyrgðirnar eða lánin eru bundin því skilyrði, að viðkomandi skip verði rekin af bæjar- eða hreppsfélögum eða félögum, sem njóta bakábyrgðar bæjar- eða hreppsfélaga. Lán þessi mega vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin, en greiðist síðan upp með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Samkvæmt þessu er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs eða lána samtals allt að 1.5 millj. króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson

51

L Ö G

25. maí um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, og lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

5. gr. laga nr. 44 1932 orðist svo:

Héraðslæknisstörfum í Reykjavíkurhéraði gegnir borgarlæknir. Skal hann skipaður af ráðherra samkvæmt tilnefningu bæjarstjórnar og taka laun úr bæjarsjóði. Um starfssvið hans fer eftir reglugerð, er bæjarstjórn setur og ráðherra staðfestir.

2. gr.

Fyrir „1000 kr.“ í 1. málsg. 8. gr. laga nr. 35 1940 komi: 5000 kr.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. þessara laga öðlast gildi, þegar núverandi héraðslæknir í Reykjavíkurhéraði lætur af embætti, en þangað til annast borgarlæknir í héraðslæknis stað allt heilbrigðiseftirlit í bænum samkvæmt heilbrigðissamþykkt og á ásamt héraðslækni sæti í heilbrigðisnefnd. Jafnframt falla úr gildi l. nr. 21 13. júní 1937, um breyting á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verkssvið landlæknis og störf héraðslækna. — Að öðru leyti öðlast lög þessi þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.